

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hvalfjarðarsveit.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti 14. september 2021 nýtt deiliskipulag fyrir:

Eyrarás og Eyrarskjól í landi Eyrar í Svinadal.

Um er að ræða breytingu á landnotkun í landi Eyrar og tekur til lóðanna Eyrarás og Eyrarskjóls. Á Eyrarási eru byggingarreitir fyrir íbúðarhús og skemmu. Íbúðarhúsið er á einni hæð allt að 300 m², þar með talinn bílskúr og geymsla.

Á Eyrarskjóli er gert ráð fyrir þremur frístundahúsum innan byggingarreits og má hvert hús verða allt að 50 m².

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvalfjarðarsveit, 8. nóvember 2021.

Bogi Kristinsson Magnusen skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2021